

L Ö G

um breyting á lögum nr. 63/1974, um grunnskóla.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Niðurlag 88. gr. laganna orðist svo:

Stefnt skal að því að ákvæði laganna um síðasta ár skólaskyldu komi til framkvæmda samtímis á landinu öllu 8 árum eftir gildistöku laganna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 41/1980 um breytingu á lögum nr. 63/1974 um grunnskóla.

Gjört í Reykjavík, 26. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 112 frá 1976, um byggingu og rekstur dagvistarheimila fyrir börn.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan 1. gr. komi ný málsgrein:

Gerð verði starfsáætlun á vegum menntamálaráðuneytisins, er kveði nánar á um markmið og leiðir í uppeldisstarfi á dagvistarheimilum í samráði við þá aðila, er að uppeldis- og skólamállum vinna.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. maí 1981.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Steingrímur Hermannsson.